



ÞRÐSKÝRSLA

K.K.I.



'74-'75



Å R S S X Y R S L A

Körfuknattleikssambands Íslands.

1974 - 1975.

Stjórn:

Á 14. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands voru eftirtaldir kjörnir í stjórn sambandsins fyrir komandi starfsár:

Einar Bollason form.
Erlingur Karlsson
Sigurður Halldórsson
Arnaldur Árnason
Gylfi Kristjánsson

Varamenn:

Hörður Tulinius
Lína Gunnarsdóttir

Verkaskipting:

Á fyrsta fundi hinnar nýkjörnu stjórnar, skiptu stjórnarmenn með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Einar Bollason form.
Arnaldur Árnason gjaldkeri
Erlingur Karlsson varaform.
Sigurður Halldórsson meðstjórnandi
Gylfi Kristjánsson ritari.

Nefndir K.K.Í. 1974 - 1975:

Dómaranefnd:

Jón Otti Ólafsson form.
Kristbjörn Albertsson
Erlendur Eysteinsson

Mótanefnd:

Gylfi Kristjánsson form.
Eiríkur Skarphéðinsson
Guðný Eiríksdóttir.

Landsliðsnefnd kvenna:

Einar Ólafsson
Jón Óskarsson
Ásta Garðarsdóttir

Unglingalandsliðsnefnd:

Gunnar Gunnarsson
Kristinn Stefánsson

Minni- bolta nefnd:

Bogi Þorsteinsson form.
Kolbeinn Pálsson

Útbreiðslunefnd:

Erlingur Karlsson form.
Rúnar Sigurðsson
Sigvaldi Ingimundarsson

Landsliðsnefnd:

Gylfi Kristjánsson
Einar Bollason

Aganefnd:

Jón Eysteinsson form.
Guðni Guðnason
Guðmundur Árnason

Stjórnarstörf.

Alls voru haldnir 41 bókaðir stjórnarfundir á starfstímabili fráfarandi stjórnar, þar sem stjórnarmenn komu saman til að vinna að ákveðnum verkefnum. Helstu verkefni fráfarandi stjórnar voru:

1. Undirbúningur v/Bretlandsferðar landsliðsins
2. Heimsókn írska landsliðsins
3. Móttaka þjálfarana Rankens og Harsmans
4. Pátttaka í 4 liða keppni í Kaupmannahöfn Noregsferð.
5. Pátttaka UL í Svíþjóð (Polar Cup)
6. Íslandsmótið 1975
7. Heimsókn sánska liðsins Ockelbo
8. Landshappdrætti 1975
9. Firmakeppni 1975
10. Bikarkeppni 1975 (karla og kvenna)
11. Skólamót
12. Undirbúningur v/pátttöku í Evrópukeppni landsliða.
13. Undirbúningur v/pátttöku í Evrópukeppni U-landsliða.
14. Formannafundur
15. Sendiherrabikarkeppnin
16. Körfuknattleiksskóli á Laugarvatni.

Bretlandseyjaferð.

Fulltrúi K.K.Í. á þingi körfuknattleiksmanna í Beyrouth í Líbanon í maí 1974, Bogi Þorsteinsson samdi um keppnisferð Ísl., landsliðsins til Bretlandseyja á tímabilinu 22. ágúst til 3. sept. 1974. Upphaflega var ætlunin að leika landsleiki við Skotland, England og Wales. Þeir síðastnefndu gátu ekki tekið á móti liðinu, og komu Íslar í þeirra stað. Voru leiknir þrír landsleikir í ferðinni, auk tveggja annara leikja. Sjá nánari frásögn í skýrslu Landsliðsnefndar og farastjóra.

Ranken og Harsman.

Í júlí 1974 komu hingað til lands tvcir mjög þekktir bandarískir þjálfarar, Harsman og Ranken. Héldu þeir hér opið námskeið fyrir þjálfara og aðra sem áhuga höfðu á. Því miður verður að segja það að þátttaka var langt fyrir neðan það sem gert hafði verið ráð fyrir, en þeir sem sóttu námskeiðið munu allir sammála um að aldrei hafi færari körfuknattleiksþjálfarar kennt hérlandis. Þeir félagar létu mjög vel að dvöl sinni hér, og hafa halddið sambandi við Körfuknatt-leikssambandið síðan, Má í því sambandi nefna sem dæmi, að Harsman sendi K.K.Í. kvíkmynd af einum leik háskólans þar sem hann þjálfar, og er myndin í vörslu K.K.Í.

Polar Cup unglings.

Í jan. s.l. tóku Íslendingar í fyrsta skipti þátt í Polar Cup unglings. Fór mótið fram í Svíþjóð að þessu sinni, og verðu að segja að Ísl. liðið stóð sig vel miðað við aðstæður. Piltarnir voru allir að leika í fyrsta skipti á alþjóðavettvangi, og þeir gerðu sér samt lítið fyrir og sigruðu erkióvininn Danmörk. En þetta móti var einungis fyrsta skrefið í uppbyggingu U-landsliðsins, og verður gaman að fylgjast með áfram-haldi piltanna. Að öðru leiti vísast til skýrslu UL-nefndar og Fararstjóra.

Landshappdrætti 1975.

S.l. haust hleypti stjórnin af stokkun Landshappdrætti K.K.Í. í annað skipti, upplag miða var, samkvæmt reynslu frá fyrra ári fækkað verulega, en jafnframt var hlutur félagana í sölu hvers miða hækkaður úr 40.- kr. í 100.- kr. eða helming söluverðs. Eins og í fyrra skiptið tóku félögin miðunum mjög vel, og fljótlega voru nær allir

miðar komnir út til félgana til sölu. Gekk svo langt að neita varð þeim sem seldu sína miða strax um fleiri miða. En þegar félögin áttu síðan að gera skil á andvirði miða sinna, hón annað hljóð í kútinn.

Það hafði hent annað árið í röð, að félögin brugðust nær algjörlega í sambandi við að selja miðana, og skiluðu sum þeirra nær öllum miðum til baka. Það skal að vísu tekið fram, að sum félögin stóðu sig þokkalega, en fá vel.

Það verður að teljast furðulegt að félögin skulu ekki sýna þessu lífshagsmunamáli sambandsins meiri skilning en raun ber vitni. Og enn furðulegra er þetta, þegar á það er litið að félögin fá þarna tækifæri til fjáröflunar án nokkurs tilkostnaðar. Það hljóta þó allir hugsandi menn að sjá, að Happdrættið er algjör forsenda þess að sambandið geti ráðið við þau mörgu verkefni sem farið hefur verið út í, og allir hljóta að fagna að farið var út í.

Þegar þetta er skrifað er ekki séð óndanlega hverning þessu máli reiddi af, en vist er að félögin og forráðamenn þeirra verða að sinna botur þessu máli í komandi framtíð.

Íslandsmótið.

Mótanefnd var skipuð strax s.l. sumar, og sá hún um framkvæmd Íslandsmótins og annara móta á vegum sambandsins.

Breyting sú sem gerð var á síðasta ársþingi þ.e. að Framkvæmdastjóri K.K.Í. skyldi vera form. nefndarinnar gafst ekki vel, og mun því fráfarandi stjórn

flytja tillögu á þessu þingi un breytta skipan
Mótanefndar næsta keppnistímabil.

Enn var um fjölgun þáttakenda að ræða frá fyrra
móti, og var mótið því mjög umfangsmikið Leikið
var í öllum landsfjórðungunum, og tala þáttakenda
komin á 12. hundraðið.

Greinilegt er að körfuknattleikurinn er í mikilli
sókn um allt land, en það sem helst virðist standa
honum fyrir þrifum er skortur á húsnæði, og menntuðum
leiðbeinendum.

Stjórnin vill færa öllum þeim or störfuðu við framkvæmd
mótsins miklar þakkir, ekki síst Dómaranefnd K.K.I.
og form. hennar Jóni Otta Ólafssyni fyrir mikið og
gott starf.

Að öðru leiti vísast til skýrslu Mótanefndar.

Ockelbo.

Sænska unglingaliðið frá Ockelbo kom hingað til
lands 22. marz, og lék gegn Þrvali UL-nefndar
daginn eftir. Fór leikurinn fram í Njarðvík.
Minna fór fyrir þessum leik heldur en mátt hefði
vera, en eimmitt þessa sömu helgi var mjög mikið
um að vera í körfuknattleiknum, leikið í deildar-
keppninni, og úrslit fóru fram í yngri aldurs-
flokkunum.

Að öðru leiti vísast til skýrslu Unglingalands-
liðsnefndar.

Firmakeppni.

S.l. veturnar var í fyrsta skipti efnt til firmakeppni K.K.I. með dálitið sérstöku sniði. Páttakendur í keppninni voru piltarnir sem skipuðu landsliðshóp karla, og varð hver þeirra sér úti um fyrirtæki til að keppa fyrir. Körfuknattlcikssambandið fékk 5 þúsund kr. fyrir hvert fyrirtæki, og ef um hærri greiðslu var að ræða gekk hún til viðkomandi leikmanns.

Parna sýndu landsliðspiltarnir gott fordæmi, þeir söfnuðu fé fyrir sambandið, og lögðu einnig á sig að spila marga leiki í keppninni sumir hverjir.

Að öðru leiti vísast til skýrslu Mótanefndar sem sá um framkvæmd keppninnar.

Bikarkeppni.

Bikarkeppni Karla fór nú fram í sjöunda skipti, og var þátttaka góð. Alls kepptu 16 lið, þar af eitt sem ekki hafði tekið þátt í óþánberri keppni á vegum K.K.I. áður. Þetta var lið Íþróttabandalags Akraness.

Þá var í fyrsta skipti efnt til Bikarkeppni kvenna. Þar var því miður ekki um eins góða þátttöku að ræða, og virðist nú sem kvennakörfuknattleikurinn sé á undanhaldi, hvað sem veldur.

Að öðru leiti vísast til skýrslu Mótanefndan

Skólamót.

Nú var í fyrsta skipti efnt til skólamóts á vegum K.K.I. Keppni skóla í íþróttum hefur mjög farið í vöxt á undanförnum árum, og var ljóst að nauðsyn var að koma á skólamóti í körfuknattleik einnig.

Pað kom líka á daginn, því þátttaka var mjög góð. Keppt var í tveim aldursflokkum og voru þátttökuliðin 19 talsins. Er ljóst að þessi keppni þarf að verða árlegur viðburður. Sjá skýrslu Útbreiðslu-nefndar.

Formannafundur.

2. Formannafundur K.K.Í. var haldinn að Hótel Loftleiðum hinn 23. feb. s.l. Til fundarins var boðað með góðum fyrirvara, og var búist við góðri þáttöku.

En einu sinni kom í ljós áhugaleysi pað sem herjar á aðildarfélögin gagnvart málefnum sambandsins, sem þarna átti að ræða vítt og breitt og gera grein fyrir hvernig stæðu.

Pessi fundur varð aldrei neitt nema nafnið tómt, því til hans mættu aðeins fulltrúar 6 félaga. Ræddu menn saman yfir kaffibollum skamma stund, en snéru síðan heim vonsviknir.

Sendiherrakeppnin.

Hin árlega keppni um Sendiherrabikarinn fór að þessu sinni fram í marz og apríl, og voru leiknir fimm leikir að venju. Samkvæmt beiðni frá Körfuknattleiksráði Reykjavíkur félust K.K.Í. á að annast val á liði sem keppti fyrir Reykjavík. Var þessi keppni notuð sem æfing fyrir Landsliðið sem bjó sig undir Evrópu-keppnina í V-Pýskalandi.

Leikirnir voru fimm sem fyrr sagði. Fyrsta leikinn sem fram fór á Keflavíkurflugvelli vann lið okkar nauklega, og einnig tvo næstu leiki sem fram fóru í Reykjavík. Þar með var Bikarinn tryggður rétt einu sinni, og kom fyrir ekki þótt VL ynni tvo síðustu leikina sem fram fóru á Keflavíkurflugvelli.

Körfuknattleiksskóli.

Eins og flestum mun kunnugt, álvað fráfarandi stjórn að hleypa af stokkunum Körfuknattleiksskóla fyrir unglings. Mun skólinn starfa í eina viku í ágústmánuði í ibróttamiðstöð Í.S.Í. að Laugarvatni.

Pessi skóli er fyrst og fremst hugsaður sem skóli fyrir unga áhugasama pilta sem vilja dvelja að Laugarvatni í eina viku, og stunda körfuknattleik undir handleiðslu okkar bestu þjálfara.

Guttermur Ólafsson íþróttakennari hefur verið ráðinn til að veita skólanum forstöðu, og mun hann kenna á námskeiðinu og hafa yfirumsjón með því.

Pegar þetta er skrifað standa yfir bréfaskriftir við kunnan þjálfara frá Texas. Takist samningar við hann mun hann einnig kenna á námskeiðinu.

Fráfarandi stjórn K.K.Í. bindur miklar vonir við pennan skóla. Er ekki að efa, að hann ætti að geta orðið til þess að efla mjög áhuga unglings á körfuknattleik.

Þá var ákveðið að gefa 10 unglingabjálfurum tækifæri til að sækja námskeiðið.

Undirbúningur vegna Evrópukeppni.

Síðan um áramót hafa landsliðin okkar búið sig undir að taka þátt í Evrópumeistaramótun á þessu ári. Karla-liðið keppti í V-Pýskalandi í fyrra mánuði og var sem kunnugt er í riðli með Pólland, Grikklandi, Svíþjóð, Albaníu og Luxemborg. Sjá nánar um þessa ferð í skýrslu aftast í ársskýrslunni.

Fulltrúi á þingi Alþjóðakörfuknattleikssambandsins.

Vorið 1974 var Bogi Þorsteinsson fulltrúi K.K.Í. á þingi Alþjóðakörfuknattleikssambandsins í Beyrouth í Liban. Þótti ferð Boga takast mjög vel, og skila miklum ávinnungi fyrir stjórnina. Það var því að ráði að fara þess á leit við Boga að hann sæti einnig næsta þing Alþjóðakörfuknattleikssambandsins en það fór fram í Algeirsborg 2. til 5. júní s.l. Bogi varð fúslega við þessari beiðni og eru honum hér með fluttar miklar pakkir fráfarandi stjórnar.

Unglingalandsliðið.

Eins og kunnugt er, hefur Unglingahópur æft reglulega í vetur með þátttöku í Evrópukoppni í Grikklandi í huga, en sú keppni á að fara fram í sumar. Nú hafa hinsvegar komið í ljós mikil mistök af okkar hendi. Í ljós kom að annar árgangurinn sem hefur stundað æfingar er of gamall, og fær ekki að keppa á mótinu. Þessi hörmulegu mistök eru allt að því grætileg, en þó er bót í máli að piltarnir brugðust mannalega við þegar þeim var tilkynnt þetta. Stjórn K.K.Í. hefur þegar hafið bréfaskriftir um Bretlandseyjar og Norðurlönd, með það í huga að piltarnir fari í keppnisferð þangað í sumar eða haust.

Skýrsla Mótanefndar:

Upphaflega tilkynntu þátttöku í Íslandsmótið 1975 alls 80 flokkar frá 24 félögum, en síðan voru dregnir til baka úr mótinu eftir að það hófst 6 flokkar. Það voru því 74 flokkar frá 24 félögum sem bátt tóku í mótinu, og má því reikna með að tala þátttakenda hafi verið eitthvað á annað þúsund talsins.

Niðurröðun í upphafi náði til 208 leikja í hinum fímsu flokkum og deildum, og fóru leikarnir fram í öllum landsfjórðungum, allt frá Suðurnesjum til Austfjarða.

Úrslit leikja urðu:

1. deild:

/ / X	UMFN : Ármann	62:78 X
/ / X	Snæfell : íR	61:66 X
/ / X	ÍS : Snæfell	70:49 X
/ / X	HSK : Valur	54:80 X
/ / X	UMFN : ÍS	85:69 X
/ / X	Snæfell : HSK	65:64 X
/ / X	KR : Valur	94:81 X
/ / X	KR : Snæfell	98:72 X
/ / X	Ármann : Valur	91:101 X
/ / X	KR : HSK	107:77 X
/ / X	íR : UMFN	94:77 X
/ / X	KR : ÍS	85:90 X
/ / X	Valur : íR	85:95 X
/ / X	HSK : UMFN	69:85 X
/ / X	ÍS : Ármann	66:70 X
/ / X	íR : Ármann	84:82 X
/ / X	UMFN : Valur	88:79 X
/ / X	Snæfell : Ármann	<u>59:77 X</u> ATH. 64:103
/ / X	Valur : Snæfell	94:83 X
/ / X	HSK : íR	68:84 X
/ / X	ÍS : HSK	80:72 X
/ / X	KR : íR	79:74 X
/ / X	UMFN : KR	83:85 X
/ / X	Ármann : HSK	101:74 X
/ / X	íR : íS	96:95 X
/ / X	UMFN : Snæfell	77:57 X
/ / X	ÍS : Valur	67:66 X
/ / X	KR : Ármann	87:93 X
/ / X	Ármann : UMFN	80:82 XX
/ / X	íR : HSK	74:70 X
/ / X	KR : ÍS	73:60 X
/ / X	Valur : UMFN	77:82 X

- | | | | | |
|---|---|------------------|---------|---|
| / | X | Valur : íS | 68:74 | X |
| / | X | KR : HSK | 87:79 | X |
| / | X | UMFN : íR | 64:69 | X |
| / | X | Snæfell : Valur | 71:95 | X |
| / | X | Ármann : Snæfell | 90:80 | X |
| / | X | íS : HSK | 78:71 | X |
| / | X | UMFN : HSK | 86:81 | X |
| / | X | Snæfell : KR | 79:93 | X |
| / | X | íR : Snæfell | 90:72 | X |
| / | X | Ármann : íS | 81:80 | X |
| / | X | íR : Ármann | 94:93 | X |
| / | X | KR : Valur | 109:100 | X |
| / | X | KR : UMFN | 111:101 | X |
| / | X | HSK : Valur | 89:86 | X |
| / | X | Ármann : Valur | 73:75 | X |
| / | X | íS : íR | 81:96 | X |
| / | X | Snæfell : UMFN | 62:70 | X |
| / | X | HSK : Snæfell | 49:52 | X |
| / | X | KR : íR | 80:91 | X |
| / | X | íS : UMFN | 89:83 | X |
| / | X | Ármann : HSK | 96:79 | X |
| / | X | Snæfell : íS | 71:120 | X |
| / | X | íR : Valur | 105:89 | X |
| / | X | KR : Ármann | 72:80 | X |

LOKASTADAN:

ÍR	14	13	1	1212:1096	26
KR	14	10	4	1260:1160	20
Ármann	14	9	5	1185:1095	18
ÍS	14	8	6	1129:1076	16
UMFN	14	8	5	1125:1100	16
Valur	14	4	10	1176:1175	10
Snæfell	14	2	12	933:1153	4
HSK	14	1	3	996:1161	0

Héraðssambandið Skarphéðinn leikur í 2. deild 1976.

2. deild karla:

Úrslit:

Fram : UMFS	64:67
UMFG : UMFS	43:61
Fram : Haukar	87:72
Haukar : UMFG	71:64
UMFS : Pór	76:63
Haukar : UMFS	66:75
UMFG : Pór	25:84
Fram : UMFG	80:67
Pór : Haukar	65:40
UMFG : Haukar	41:63
UMFS : UMFG	80:54
Pór : Fram	58:57
Pór : UMFG	57:42
UMFS : Haukar	84:46
UMFG : Fram	57:62
Fram : Pór	
Haukar : Pór	50:63
UMFS : Fram	38:66
Pór : UMFS	
Haukar : Fram	68:85

LOKASTAÐAN:

Fram	8	6	2	12 stig.
UMFS	8	6	2	12 stig.
Pór	8	6	2	12 stig.
Haukar	8	2	6	4 stig.
UMFG	8	0	8	0 stig.

Þrjú lið urðu því efst og jöfn að stigum, og þurftu að leika til úrslita. Í úrslitakeppnina mætti hins vegar ekki lið Pórs, og léku því UMFS og Fram hreinan

úrslitaleik. Fram sigraði í þeim leik með 81:64.

Íslandsmeistari í 2. deild: Knattspyrnufélagið Fram, og leikur því í 1. deild að ári.

Neðsta liðið í 2. deild, UMGG lék hinsvegar um laust sæti í 2. deild að ári við UBK sem varð í 2. sæti í 3. deild. UMGG bar sigur úr býtum í þeirri viðureign með 74 stigum gegn 66, og leikur því í 2. deild að ári. Þessi aukaleikur var vegna þess að lið I.M.A. sem var í 2. deild dró sig út úr mótinu eftir að það hófst.

3. deild karla:

Leikið var í premur riðlum.

a_riðill_úrslit:

KFÍ : Hörður	92:85
Hörður : KFÍ	

Sigurvegari: K.F.Í.

b_riðill_úrslit:

Austri : Leiknir	45:68
Eiðar : Leiknir	75:58
Höttur : Austri	65:29
Leiknir : Höttur	
Höttur : Eiðar	
Austri : Eiðar	

Sigurvegari: Ungmennafélag Eiðaskóla.

c_riðill_úrslit:

ÍBK : UBK	45:52
Tindastóll : UBK	28:47

KA : UBK	55:41
UBK : íBK	46:45
íBK : KA	
UBK:Tindastóll	
UBK : KA	70:40
íBK : Tindastóll	
Tindastóll : íBK	46:60
KA : íBK	48:64
KA : Tindastóll	
Tindastóll : KA	

Sigurvegari: U.B.K.

<u>ÚRSLIT:</u>	KFÍ : UBK	62:56
	Eiðar : KFÍ	57:67
	UBK : Eiðar	86:80

Sigurvegari: K.F.Í. og leikur í 2. deild 1976.

M. fl. kvenna.

<u>Úrslit:</u>	
íS : íR	37:46
KR : íS	53:32
íR : KR	34:29
Fram : íR	23:54
Fram: íS	12:32
FH : íR	20:78
íS : FH	30:12
KR : Fram	57:20
KR : FH	50:22
UMFS : íR	24:86
KR : UMFS	
FH : UMFS	0:2
UMFS : íS	16:34
FH : Fram	45:16
UMFS : Fram	26:27

Lokaröðin:

ÍR	10 stig
KR	8 stig.
ÍS	6 stig.
Fram	2 stig.
FH	2 stig.
UMFS	2 stig.

Íslandsmeistari: Íþróttafélag Reykjavíkur.

2. fl. kvenna:

Úrslit:

Hörður : ÍR 17:15

Íslandsmeistari: Hörður, Patreksfirði.

2. fl. karla:

Úrslit:

UMFN : Ármann	
Fram : UMFN	54:39
HSK : íBK	39:53
Ármann : Fram	45:58
UMFN : ÍR	47:49
Ármann : Valur	84:81
Valur : ÍR	51:74
Fram : HSK	2:0
Ármann : íBK	68:52
Ármann : ÍR	77:59
KR : Fram	50:70
Fram : íBK	80:49
UMFN : HSK	50:49
ÍR : Fram	41:54
íBK : KR	69:63
Ármann : HSK	
KR : ÍR	51:60
Valur : HSK	76:59

ÍBK : Valur	66:56
ÍR : ÍBK	
KR : UMFN	51:47
Valur : Fram	
HSK : ÍR	0 : 2
Ármann : KR	
UMFN : ÍBK	42:58
KR : HSK	53:43
KR : Valur	77:68
Valur : UMFN	46:56

Íslandsmeistari: Knattspyrnufélagið Fram.

3. flokkur.

Úrslit:

a riðill: IBK : UBK	16:22
Haukar : UBK	39:18
UMFS : UBK	26:18
UMFN : ÍBK	42:16
UMFS : UMFN	44:52
UMFN : Haukar	33:23
UMFN : UBK	2 : 0
Haukar : ÍBK	35:24
UMFS : ÍBK	0 : 2
UMFS : Haukar	0 : 2

Sigurvegari: UMFN.

b riðill: KR : Fram	23:39
ÍR : Valur	27:19
Ármann : Fram	29:33
Ármann : Valur	28:41
KR : Valur	31:41
Ármann : ÍR	15:55
KR : Ármann	
ÍR : Fram	
Valur : Fram	21:27
KR : ÍR	17:33

Sigurvegari: Fram.

c riðill: KA : Tindastóll 15:29

Sigurvegari: Tindastóll.

d riðill: KFÍ : Hörður 41:26

Sigurvegari: KFÍ

Úrslitakeppnin:

Fram : KFÍ	38:28
Tindastóll : UMFN	36:61
UMFN : KFÍ	31:25
Tindastóll : KFÍ	23:22
Fram : Tindastóll	41:16
UMFN : Fram	30:28

Íslandsmeistari 1975: Ungmennafélag Njarðvíkur.

4. flokkur karla:

Úrslit:

a riðill: UMGF : UMFN	15:29
ÍBK : UBK	3 : 9
ÍBK : Haukar	9 : 26
UMFG : UBK	10: 8
Haukar : UBK	32:12
UMFN : ÍBK	27:10
UMFG : ÍBK	2 : 0
Haukar : UMFN	23:14
UMFG : Haukar	13:15
UMFN : UBK	2 : 0

Sigurvegari: Haukar.

b riðill: ÍR : Valur	15: 9
KR : Ármann	21: 6
Fram : HSK	9: 7

KR : ÍR	19:9
Ármann : HSK	2 : 0
Valur : UMFS	11:20
ÍR : Fram	12:22
Valur : Ármann	11: 6
UMFS : HSK	12:15
ÍR : Ármann	10:30
KR : Valur	15: 8
Fram : UMFS	24:19
ÍR : HSK	6 : 13
KR: UMFS	20: 7
Valur : Fram	10:14
Fram : Ármann	
Valur : HSK	
ÍR : UMFS	
KR : HSK	2 : 0
UMFS : Ármann	
KR : Fram	

Sigurvegari: Fram

c riðill:	Hörður : Snæfell	15:14
	Snæfell : KFÍ	2 : 0
	KFÍ : H	10:32

Sigurvegari: Hörður.

d riðill:	KA : Tindastóll	11:22
	Pór : Tindastóll	0 :20
	KA : Pór	

Sigurvegari: Tindastóll.

Úrslitakeppnin:

Tindastóll : Fram	16:15
Haukar : Hörður	16:13
Fram : Haukar	14:20
Tindastóll: Haukar	16:15
Hörður : Fram	19: 4
Tindastóll : Hörður	20: 5

Íslandsmeistari 1975: Tindastóll frá Sauðárkróki.

Bikarkeppnin 1975.

Mótanefnd hafði einnig yfirumsjón með Bikarkeppni K.K.Í. s.l., keppnistímabil, þeði í karlaflokk og í kvennaflokk þar sem keppnin fór nú fram í fyrsta skipti.

Kvennaflokkur, Úrslit:

1. umferð:	KR : íR	39:34
2. umferð:	Pór : íS	38:32
	KR : UMFS	2 : 0

<u>Úrslit</u> :	Pór : KR	20:16
-----------------	----------	-------

Bikarmeistari 1975: Íþróttafélagið Pór, Akureyri.

Karlaflokkur, Úrslit:

1. umferð:	Haukar : KRB	54:82
	íR : Valur	103:92
	íS : UMFS	100:55
	íA : KRA	44:144
	UMFN : UBK	
	Ármann : Snæfell	
	Fram : Pór	2 : 0
	ÍBK : UMFG	
2. umferð:	KRB : Fram	67:62
	íR : Ármann	79:81
	KRA : UMFN	94:91
	íS : ÍBK	81:45
3. umferð:	Ármann : KRB	77:67
	íS : KRA	78:80
<u>Úrslit</u> :	Ármann : KRA	74:62

Bikarmeistari 1975: Glímufélagið Ármann.

Skýrsla Landsliðsnefndar.

Strax eftir að nefndin var skipuð, var eftirtalinn hópur leikmanna valinn til þess að skipa landsliðshópinn fyrir komandi keppnistímabil:

Kolbeinn Pálsson	KR
Birgir Guðbjörnsson	KR
Kristinn Stefánsson	KR
Bjarni Jóhannsson	KR
Hilmar Viktorsson	KR/HSK
Pröstur Guðmundsson	KR/HSK
Agnar Friðriksson	ÍR
Kristinn Jörundsson	ÍR
Jón Jörundsson	ÍR
Kolbeinn Kristinsson	ÍR
Þorsteinn Guðnason	ÍR
Jón Sigurðsson	Ármann
Jón Björgvinsson	Ármann
Símon Ólafsson	Ármann
Haraldur Hauksson	Ármann
Atli Arason	Ármann
Pórir Magnússon	Val
Jóhannes Magnússon	Val
Kári Marísson	Val
Torfi Magnússon	Val
Ingi Stefánsson	ÍS
Bjarni G. Sveinsson	ÍS
Jón Héðinsson	ÍS
Steinn Sveinsson	ÍS
Gunnar Þorvarðarsson	UMFN
Stefán Bjarkason	UMFN

Eins og flestum mun kunnugt, hefur æfingum landsliðshópsins verið þannig háttar, að fyrir hvert verkefni sem framundan hefur verið hefur hópurinn komið saman og æft í stutt tímabil hverju sinni. Þessi háttur var m.a. hafður á til þess að ekki byrfti að taka landsliðsmennina of mikið frá sínum félögum til æfinga.

Tala þeirra leikmanna sem æft hefur hverju sinni hefur að sjálfsögðu verið mismunandi, margir leikmannanna hafa ekki gefið kost á sér til æfinga fyrir öll verkefnin sem landsliðið hefur fengið, en láta mun nærri að 16 - 18 leikmenn hafi æft að meðaltali fyrir hvert ákveðið verkefni. Sumir leikmannanna urðu af persónulegum ástæðum að hætta alveg í hópnum, og aðrir komu í staðinn. En nær undantekningarálaust hafa allir þeir leikmenn sem sótt hafa landsliðsæfingar æft mjög vel, og æfingasókn hefur verið frábær. Landsliðspiltarnir eiga miklar þakkir skyldar fyrir það hvernig þeir hafa af ákveðni tekist á við verkefni sín hverju sinni.

Yfirlit um verkefni landsliðsins:

Bretlandseyjaferð 21. ágúst til 28. ágúst 1974.

Leikmenn:	Kobbeinn Pálsson	KR
	Hilmar Viktorsson	KR
	Þróstur Guðmundsson	KR
	Haraldur Hauksson	Ármanн
	Jón Sigurðsson	Ármanн
	Símon Ólafsson	Ármanн
	Steinn Sveinsson	ÍS
	Bjarni G. Sveinsson	ÍS
	Jóhannes Magnússon	Val
	Torfi Magnússon	Val

Gunnar Þorvarðarsson	UMFN
Kolbeinn Kristinsson	ÍR
dómari: Kristbjörn Albertsson	F.I.B.A.
þjálfari Einar Bollason	
Liðsstj. Gylfi Kristjánsson	
Fararstj. Arnaldur Árnason.	

Ákveðið hafði verið áður en hópurinn hélt utan, að tveir fyrstu leikirnir í ferðinni yrðu leikir gegn úrvalsliðum Glasgow og Dublin. Fyrsti leikurinn í ferðinni var gegn Glasgow, og vannst hann með 64 stigum gegn 62 eftir mikinn barning. Daginn eftir var leikið gegn Dublinarúvalinu, og vannst sá leikur með 85 stigum gegn 60. 24. ágúst var svo leikinn landsleikur gegn Írlandi, og var það fyrsti landsleikur þjóðanna í körfuknattleik. Við sigruðum með nokkrum yfirburðum í leiknum, lokatölur urðu 96:75. Daginn eftir var haldið til Edinborgar, og leikinn landsleikur gegn Skotum þá um daginn. Nú tapaði liðið í fyrsta skipti í ferðinni, 82:102, og má rekja hluta þess taps beint til dómgaeslunnar sem var vægast sagt mjög óhagstæð.

Daginn eftir var haldið til London, og þaðan var farið í bíl niður til Worthing sem er skammt frá Brighton. Þar var síðasti leikur ferðarinnar leikinn um kvöldið, mótherjarnir voru að sjálfsögðu lið Englands, og sigruðu þeir í leiknum með 97 stigum gegn 71.

Ísland : Írland í Reykjavík 12. og 13. okt.

Leikmenn:	Kolbeinn Pálsson	KR
	Birgir Guðbjörnsson	KR
	Bjarni G. Sveinsson	ÍS
	Jóhannes Magnússon	Val
	Torfi Magnússon	Val
	Jón Sigurðsson	Ármanni

Símon Ólafsson	Ármanni
Agnar Friðriksson	ÍR
Gunnar Þorvarðars õn	UMFN
Birgir Jakobsson	ÍR
Kolbeinn Kristinsson	ÍR

Leikirnir fóru báðir fram í Laugardalshöllinni, sá fyrri sem fram fór 12. okt. vannst með 74 stigum gegn 64, en daginn eftir tapaði Ísl. liðið óvant með 72 stigum gegn 70, eftir einn lélegasta leik sem liðið hefur sýnt.

Allt var reynt til að gera þessa heimsókn sem best úr gardi, og var mikið starf unnið við undirbúning hennar. Áhugaleysi almennings, og þá sér í lagi körfuknattleiksmanna kom því sem hnefahögg í andlit þeirra sem lagt höfðu á sig mikla vinnu við að gera þessa heimsókn að veruleika. Það er í hæsta máta óeðlilegt að þegar boðið er upp á landsleiki hér heima, að leikmenn og forráðamenn körfuknattleiksliða skulu ekki sýna leikjunum pann áhuga að koma og sjá þá. Það hefur verið stefna þeirra sem að þessum málum hafa unnið s.l. tvö ár að reyna að fá til Íslands eins marga landsleiki eins og unnt er. Pessir leikir voru fyrstu leikirnir, en margir munu fylgja á eftir strax næsta keppnistímabil. Pessir leikir ættu, ef allt væri með felldu að vera körfuknattleiksmönnum kærkomnir. Tækifærin til að horfa á landsleik Íslands á heimavelli hingað til hafa ekki verið of mörg. Í annan stað ættu þessir leikir að geta orðið K.K.Í. stuðningur fjárhagslega. Þó svo að þessi heimsókn hafi skilað fjárhagslegum hagnaði, er það einungis mikilli vinnu stjórnarmanna við auglýsingasöfnun að þakka, en vonandi verður breyting til hins betra hjá hinum almenna körfuknattleiksmanni. Hann mætir vonandi á þá landsleiki sem héðan í frá verður boðið upp á hér heima.

Kaupmannahafnar og Oslo. 2. - 9. jan. 1975.

Leikmenn:	Kolbeinn Pálsson	KR
	Jón Sigurðsson	Ármanni
	Kristinn Jörundsson	ÍR
	Kári Marísson	Val
	Agnar Friðriksson	ÍR
	Jóhannes Magnússon	Val
	Pórir Magnússon	Val
	Torfi Magnússon	Val
	Birgir Guðbjörnsson	KR
	Stefán Bjarkason	UMFN
	Ingi Stefánsson	ÍS
	Þorsteinn Hallgrímsson	SISU
Pjálfari:	Einar Bollason.	
Liðsstjóri:	Gylfi Kristjánsson	
Dómari:	Hörður Tulinius	FIBA
Fararstj.	Arnaldur Árnason.	

Í fyrsta leiknum í þessari ferð vann Ísland sinn langstæsta sigur í körfuknattlcik frá upphafi. Mótherjarnir var lið V-Pýskalands, lið sem hefur unnið marga glæsta sigra, síðast í Alþjóðlegu móti viku fyrir þennan leik. Flestir veðjuðu á auðveldan sigur þeirra, og við bjuggumst víst ekki við sigri heldur. En nú sýndi Ísl. liðið hvað í því býr á góðum degi, og hinir leikreyndu þjóðverjar (með allt að 170 landsleiki) voru yfirspilaðir á flestum sviðum. Við höfðum forustuna allan leikinn, og lokatölur urðu 83:70.

Daginn eftir var leikið við Luxemborg, og vannst sá leikur með einu stigi 78:77 eftir hörkuspennandi viðureign. Þar með vorum við með réttu búinir að sigra í þessu Alþjóðlega móti, en danir gestgjafar okkar voru ekki á því að viðurkenna slikt. Upphófst

nú mikið þras sem stóð lengi kvöld og fram á nótt, og var deilt um leikmannafjölda fsl. liðsins (sjá skýrslu Fararstjóra). 5. jan. var svo leikið við danina, og tapaði niðurbrotið lið okkar þeim leik með 62 stigum gegn 97.

Noregur.

Daginn eftir var haldið til Oslo, og leiknir landsleikir þar dagana 6. og 7. jan. Fyrri leikinn unnu norðmenn með 88 sigum gegn 81, en við snérum blaðinu við og enduðum þessa keppnisferð með því að sigra þá í síðari leiknum með 84 stigum gegn 82.

Útkoman úr þessari erfiðu ferð var því þrír sigrar og tvö töp, sigrarnir gegn sterkustu liðunum sem við lékum við í ferðinni, og ná örugglega telja þess keppnisferð með mestu sigurforðum í sögu landsliðs Íslands í körfuknattleik fyrir og síðar.

Evrópukeppnin í V-Þýskalandi.

Dagana 12. til 17. maí s.l. tók karla landsliðið þátt í Evrópukeppni í V-Þýskalandi, og lék liðið í Wulfenbuttel ásamt svíum, pólderjum, grikkjum, albönum og lúxemborgurum.

Páttakendur í ferðinni voru:

Kristinn Jörundsson	ÍR
Kolbeinn Kristinsson	ÍR
Jón Björgvinsson	Ármann
Kári Marísson	Val
Gunnar Þorvarðarsson	UMFN
Agnar Friðriksson	ÍR
Símon Ólafsson	Ármann
Jóhannes Magnússon	Val
Pórir Magnússon	Val

Kristinn Stefánsson	KR
Jón Jörundsson	ÍR
Bjarni G. Sveinsson	ÍS
Pjálfari:	Einar Bollason
aðst.pjálf.	Stefán Bjarkason
Læknir:	Ingi Stefánsson
Fararstj.	Kolbeinn Pálsson
aðst.fararstj.	Gylfi Kristjánsson

Hörður Túliníus tók einnig þátt í ferðinni, og dæmdi hann í riðli sem leikinn var í Böblingen.

Það er skemmt frá að segja, að ekki var þessi ferð nein sigurferð, enda ekki farin í þeim tilgangi. Megintilgangur hennar var að gefa yngri mönnum okkar reynslu sem mun koma að notun í undankeppni O.L. í Edinborg á næsta ári. Þá var það ekki til að auka bjartsýni okkar fyrirfram að við gátum ekki teftit fram okkar sterkasta liði, og hefur það ekki enn skeð í þeim landsliðsferðum sem farnar hafa verið s.l. tvö ár að allir bestu leikmenn okkar gæfu kost á sér samtímis.

Úrslit leikja Íslands:

Ísland : Pólland	71:123
Ísland: Svíþjóð	59:109
Ísland : Grikkland	78:108
Ísland : Albanía	77:112
Ísland : Luxemborg	73:67

Úrslitin í riðlinum urðu:

Grikkland	10 stig
Pólland	8 stig
Albanía	6 stig
Svíþjóð	4 stig
Ísland	2 stig
Luxemborg	0 stig

Sem dæmi um styrkleika þjóðanna sem efstar urðu má geta hér þess, að grikkir sigruðu síðan í úrslitakeppni 6 þjóða, en tvær þjóðir úr hverjum riðli komust í úrslitakeppnina. Rúmenía varð í öðru sæti, Pólland í 3. sæti, Holland í 4. sæti Ungverjaland í 5. sæti og Frakkland í 6. sæti.

Eins og gengur og gerist átti Ísl. liðið misjafna leiki í þessari ferð. Bestu leikirnir voru gegn Grikklandi og Luxemborg, en leikirnir gegn svíum og albönum voru síðri.

En þegar allt kemur til alls má hiklaust fullyrða, að keppni í mónum sem þessum er mjög lærðómsrík fyrir okkur, og allt að því nauðsynleg ef við eignum að fylgjast með sem er að gerast í körfuboltanum á Alþjóðavettvangi.

Að öðru leiti vísast til skýrslu fararstjóra.

Skýrsla Framkvæmdastjóra.

Á fyrsta fundi fráfarandi stjórnar var undirritaður ráðinn Framkvæmdastjóri Körfuknattleikssambandsins annað árið í röð. Samkvæmt samþykkt síðasta Ársþings skyldi Framkvæmdastjóri verða Form. Mótaneftnar, og hófst starfið því af alvöru strax í ágúst við að útvega húsnaði fyrir leiki komandi keppnistímabils.

Þegar kom fram á haustið var ljóst, að störf vegna Mótaneftnar voru mun meiri en æskilegt hefði verið með tilliti til þess að Framkvæmdastjóri þarf að sinna fjölmögum málfnum Öðrum, t.d. að annast allar innlendar bréfaskriftir fyrir sambandið, að sjá um daglegan rekstur sambandsins og að vera öllum nefndum innan K.K.Í. til hjálpar við bréfaskriftir

o.s.frv. Fleirra mætti nefna sem nauðsynlegt hefði verið að ég hefði getað haft tíma til, t.d. áframhald vinnu við gerð spjaldskrár o.s.frv.

Það á ekki að purfa að eyða mikilli prentsvertu í það að útbúa skyrslu Frankvindastjóra, hann er starfsmaður K.K.Í. og segja ná að Ársskýrslan öll beri þess vitni hvað hefur verið unnið á s.l. stjórnartímabili. Sem launaður starfsmaður K.K.Í. á Framkvæmdarstjóri að reka öll helstu mál sambandsins innanlands, hafa fastan slnifstofutíma þar sem allir geta leitað til hans um aðstoð, og vera tengiliður félaganna milli þeirra og stjórnar K.K.Í.

Ég hef að sjálfsögðu þurft að hafa nána samvinnu við fjölmarga aðilja á s.l. starfsári, og undantekningarlaust hefur sú samvinna gengið vel. Ég vil sérstaklega færa þakkir fyrir samstarfið Jóni Otta Ólafssyni form. Dómaranefndar, Magnúsi Georgssyni húsverði sem ávallt var boðinn og búinn að leysa úr öllum vandræðum, formönnun allar nefnda, og bið körfuknattleiknum allra heilla á komandi árum.

Gylfi Kristjánsson.

Skýrsla Dómaranefndar:

Dómaranefnd 1974 - 1975 skipuðu Jón Otti Ólafsson, Kristbjörn Albertsson og Erlendur Eysteinsson, en hann hætti öllum afskiptum af dómararamálum á miðjum vetri vegna miskliðar við stjórn K.K.Í.

Eitt af fyrstu verkefnum nefndarinnar var að boða til fundar með dómurum þar sem m.a. var reynt að samrýma túlkun á vissum atriðum, ræddar breytingar á reglunum, og samþykkt oftirfarandi: (sjá fylgiskjal).

Síðan var boðað til fundar með þjálfurum 1. og 2. deildar liða eða fulltrúum þeirra. Aðeins tveir þjálfarar mættu, og er það að okkar áliti mjög víta-vert áhugaleysi og jafnvel varhugavert. Aðalverkefni nefndarinnar var að sjálfssögðu að raða niður dómurum á Íslandsmótið, þ.e. 1. 2. 3. deild og m.fl.kv. Einnig sá nefndin um dómara á m.fl. Reykjavíkurmótsins, Bikarkeppni K.K.Í., Norðurlandamót stúdenta og Sendiherrakeppnina að nokkru.

Kristbjörn Albertsson tók þátt í för landsliðsins til Bretlandseyja í ágúst s.l. og aftur með urglinga-landsliðinu til Stokkhólms á Polar Cup unginga eftir áramótin. Á sama tíma fór Hörður Túlinius með karla-landsliðinu á Alþjóðlegt mótt sem haldið var í Kaupmannahöfn. Síðan mættust liðin í Oslo þar sem háðir voru fjórir landsleikir, tveir í hvorum flokki. Dæmdu þeir Kristbjörn og Hörður narga leiki í þessari ferð og stóðu sig veg, og komu reynslunni ríkari til baka. Þá dæmdi Hörður Túlinius í Evrópukeppni landsliða sem fram fór í Böblingon í V-Þýskalandi í fyrra maínuði.

Þá hefur verið keypt mikið magn af tæknimerkjum, og verið sett fé til þeirra kaupa hátt á annað hundrað þúsund. Það væri því allt annað en gleði-efni ef allur þessi kostnaður og sú vinna sem lögð hefur verið í tæknimerkið væri allt unnið fyrir gíg.

Er það því von Útbreiðslunefndar að allir þeir sem tök hafa á því að koma þessari skemmtilegu knattbraut af stað láti sitt elki eftir liggja, og stuðli þannig að auknum áhuga og útbreiðslu körfu-knattleiksins í sínu félagi cða/og skóla.

Útbreiðslunefndin stóð fyrir skólamóti og fór mótið fram í íþróttahúsinu í Hafnarfirði dagana 26. marz og 1. apríl. Var þetta í fyrsta skipti í mörg ár sem halddið er skólamót á vegun K.K.Í. Keppt var í tveim flokkum, þ.e. yngri flokki sem var 1. 2. og 3. bekkur gagnfræða og miðskóla, og hinsvegar í eldri flokkur, 4. bekkur gagnfræðaskóla og aðrir framhaldsskólar.

Tvö fyrirtæki Glerborg h/f og I.B.M. voru það myndaleg og gáfu hvort sinn bikarinn og auk þess fengu sigur vegararnir í hvorum flokki vorðlaunapeninga frá K.K:Í.

Alls kepptu 12 skólar um þessi verðlaun og sigurvegarar urðu: í yngri floliki Laugarlækjaskóli sem sigraði Vörðuskóla í úrslitaleik, og í eldri flokki sigraði Menntaskólinn í Hamrahlið, Kennara-háskólann í úrslitum.

Mótið tókst í alla staði vol, og má vænta að skólamót geti orðið árlegur þáttur í starfsemi útbreiðslunefndarinnar.

f.h. Útbreiðslunefndar
Erlingur Karlsson
sign.

Keppnisför til Bretlandseyja.

Miðvikudaginn 21. ágúst 1974 hélt íslenska landsliðið í keppnisför um Bretlandseyjar. Var komið til Glasgow að kvöldi brottfarardags og leikið við úrvalslið Glasgowlborgar þann 22. ágúst. Sá leikur vannst með litlum mun. Árla næsta morgun var haldið sem leið liggur til Dublin og leiknir þar tveir leikir sem báðir unnust með nokkrum mun. Var sá fyrri við úrval Dublinborgar, en sá síðari var landsleikur við Íra. Voru allar móttökur og viðgerningur Íra með miklum glæsibrag.

Að morgni þess 25. ágúst, sem var sunnudagur, var aftur haldið til Skotlands og skyldi nú leikinn landsleikur við skota í Edinborg. Var komið þangað Kl. 14.00 og síðan haldið rakleiðis á keppnisstað, en leikurinn átti að hefjast Kl. 16.00. Er skemmt frá því að segja að okkar mann náðu sér aldrei á strik í leiknum. Sátu 3 orfiðir leikir á 3 dögum ásamt erfiðum ferðum illilega í mönnum og unnu skotar pennan leik. Heldur fannst mönnum að Skotar væru smátækir í viðgerningi sínum, höfðu vart hugsað örþreyttum landanum fyrir svefnplássi, hvað þá heldur að það hefði hvarlað að þeim að menn kynnu að vera matar þurfi.

Næsta morgun var haldið til London og skyldi leikinn landsleikur við englendinga þá um kvöldið. Eftir nokkurn misskilning á Lundunarflugvelli voru menn drifnir upp í langferðabíl og kom nú í ljós, að umræddur leikur átti að fara fram í Worthing, sem er smábær á suðurströndinni. Heldur þótti mönnum betta nú ill tíðindi, sjáandi fram á 2-3 stunda akstur til áfangastaðar, en brugðust þó flestir karlmannlega við. Á keppnisstað var komið klukkustund fyrir leik og gengu mann því til leiks bæði

þreyttir og svangir. Var vart við því að búast, að okkar strákar gætu staðið í enskinum svona á sig komnir en spjöruðu sig sant vel.

Hvað sem annars um þetta má segja, voru móttökur englendinga samt hinar stórmannlegustu, höfðu þeir meira að segja haft fyrir því að boða íslenska sendiherrann til leiksins.

Næsta morgun var svo haldið aftur til London og síðari hluta dagsins eytt í hofðabundið búðaráp. Þá áttu menn einnig boð inni hjá íslenska sendiráðinu og héldu menn þangað síðdegis og dvöldust þar í góðu yfirlæti nokkra stund.

Heim var svo komið þann 28. ágúst eftir mjög erfiða en lærðómsríka för.

Arnaldur Árnason (fararstjóri)

Keppnisför til Kaupmannahafnar og Oslo.

Pann 2. janúar 1975 var íslenska landsliðið aftur búið til brottfarar og skyldi nú haldið til Kaupmannahafnar og Oslo. Varð þessi ferð mönnum mjög minnisstæð margra hluta vegna.

Til Kaupmannahafnar höfðu danir stefnt, auk íslendinga liðum luxemborgara og vestur-pjóðverja. 3. janúar léku íslendingar við lið Vestur-pjóðverja og unnu á þeim frækinn sigur í glæsilegum lei.

4. janúar unnu íslendingar svo lið luxemborgara eftir jafnan og tvísýnan leik. En þá dundu yfir lið okkar alls kyns óvænt áföll, sem ekki er unnt að rekja hér, en ættu að vera mönnum fullkunn af öðrum vettvangi. Leiddi þetta til þess, að okkar menn gengu mjög niðurdregnir til leiksins við Þáni þann 5. janúar, enda töðuðum við þeim leik. Allur viðurgerningur dana var ákaflega við nögl skorinn og framkoma sumra forráðamanna dana, sérstaklega formanns sambands boirra, til háborinnar skammar.

Til Oslo var svo haldið 6. janúar og leiknir tveir landsleikir við norðmenn 6. og 7. janúar. Skiptu þessar frændþjóðir bróðurloga noð sér sigrum. Tölувert pótti mönnum móttökur norðmanna stinga í stúf við það sem þeir höfðu reynt dagana áður í Kaupmannahöfn.

Heim skyldi svo haldið þann áttunda, en vegna óhagstæðra veðurskilyrða fræstaðist heimkoman um einn sólarhring, og komu nenn því heim 9. janúar, allhressir í bragði eftir mjög oftirminnilega keppnisferð.

Arnaldur Árnason (fararstjóri)

Skýrsla MB-Nefndar:

MB-nefnd var á s.l. vetri aðcins kipuð þeim Boga Þorsteinssyni og Kolbeini Pálssyni, þar sem ekki tókst að fá þriðja mann til að starfa í nefndinni. Að sjálfssögðu kom þetta niður á störfum nefndarinnar.

Á s.l. vetri tókst loks, eftir mikla tæknilega erfiðleika, að fá prentuð smekkileg viðurkenningar-skjöl fyrir þátttöku í MB-hátíð 1974. Voru skjölin með persónulegri undirskrift Boga Þorsteinssonar, Kolbeins Pálssonar og Guðna Kjartanssonar en þessir þrír störfuðu í MB-nefnd 1974. Viðurkenningar-skjölin hafa nú verið afhent og hafa þau vakið ánægju meðal hinna ungu kepponda.

Samskonar skjöl eru nú til rciðu og verða þau afhent þátttakendum í landsmóti í IB 1975. Undir skjalið skrifa Bogi Þorsteinsson og Kolbeinn Pálsson. Í þriðju línum ritar síðan þjálfari hlutaðeigandi liðs nafn sitt. Telur MB-nefnd, að viðurkenningar-skjalið verði jafnvel ennþá merkari minjagripur með nafni þjálfara á skjalinu, en þjálfarinn er oftast "stór maður" í augum þessara aldursflokka.

MR-nefnd hafði hugsað sér að halda MB-hátíð í Njarðvík á svipaðan hátt og í fyrra. Vegna óvæntra örðugleika á að láta mótið fara fram um þáskana, var ákveðið að nota helgina 24./25. maí, en þá er skólum lokið.

Sveitarstjóri Njarðvíkur hafði lofað að láta MB-nefndinni íþróttahúsið í þó í 2 daga, án endurgjálfa og sömuleiðis hafði skólastjóri barna- og unglingaskólans lofað ókvpins húsnæði í skólanum

fyrir gistingu. Samið hafði verið um fæði á lágmarks verði hjá veitingamanni í félagsheimilinu Stapa.

MB-nefnd varð því fyrir miklum vonbrigðum er í ljós kom, að okki var hægt að nota þessa helgi til keppni, þar sem ca. 15 leikir í fótbolta fyrir sömu aldursflokka fóru fram í Reykjavík á sama tíma.

Var því horfið að því að láta allt mótið fara fram í Reykjavík með riðlaskiptingu og undanrásum liðanna á Stór-Reykjavíkursvæðinu, en síðan komi UMFS og UMFN beint í lokakeppnina.

Úrslit í einstökum leikkjum voru þessi:

Úrslit í MB móti, forkeppni:

a riðill:	Armann a : ÍR b	57:15
	Haukar : KR a	44:18
	KR a : ÍR b	87:14
	ÍR a : Ármann a	23:33
	Haukar : Ármann a	45:26
	KR a : ÍR a	34:23
	Haukar : ÍR b	75:7
	ÍR a : ÍR b	frestað
	KR a : Haukar	0 : 2
	Ármann a : KR a	2 : 0

b riðill:	Valur : Ármann b	26:42
	UBK : KR b	29:12
	Fram : Valur	35:30
	Ármann b : KR b	33:18
	Fram : KR b	30:24
	UBK : Ármann b	24:21
	KR b : Valur	22:45
	Fram : UBK	29:22
	Fram : Ármann b	35:27
	U K : Valur	2 : 0

Milliriðill: a:

Haukar : Ármann b	60:40
Haukar : UBK	46:13
UBK : Ármann b	23:36

Milliriðill: b:

Ármann a : Fram	19:43
Ármann a : UMFN	0 : 2
UMFN : UMFN	0 : 2
Fram : UMFN	2 : 0
Fram UMFN	47:20
UMFN : Ármann a	0 : 2

Úrslitaleikur:

Haukar : Fram	41:23
---------------	-------

Íslandsmeistarar 1975: Haukar.

Yngri flokkur:

UMFN : Fram	16:19
UMFS : Ármann	21:22
UMFN : UMFN	19:14
Fram : Ármann	16:16

Nokkur MB-mót hafa verið haldin á vegum annara aðila en MB-nefndar. Má þar nefna Reykjanesmót, haldið á vegum UBK með þátttöku liða úr Kópavogi, Hafnarfirði, Njarðvík og Keflavík.

Sigurvegarar í þessu móti voru Haukar úr Hafnarfirði.

Reykjavíkurmót var haldið eftir áramót á vegum KKRR úrslit urðu þau, að K.R. bar sigur úr býtum.

MB-nefnd gerir sér ljóst, að gera þarf sérstakt átak til að útbreiða MB, Til þess að slikt sé hægt þarf nefndin að vera fullskipuð og helst að hafa eitthvert fjármagn til útbreiðslustarfsemi.

Skora þarf á fræðsluyfirvöld að koma upp MB-körfum í fleirri skólam. Ýms liðanna í s.l. íslandsmóti höfðu aldrei fyrr skotið á annað en fullorðinskörfu.

Athyggli er vakin á kennslubókum fyrir MB-þjálfara, sem liggja hér frammi til sýnis á þinginu.

Alþjóða MB-nefndin hefur annast útgáfu þessara skemmtilegu bóka, en MB-nefnd hefur þegar pantat nokkur eintök fyrir aðila í Reykjavík og Hafnarfirði. Er nefndin reiðubúin að annast milligöngu um útvegun bókarinnar fyrir þá er þess óska.

Bogi Þorsteinsson
sign

Kolbeinn Pálsson
sign.

Skýrsla unglingsefndar KÍ.

Í sept. 1974 voru 15 piltar valdir úr hópi þeirra 26, sem æft höfðu vorið áður, og í lok okt. voru síðan 11 þeirra valdir til keppni á NM unglings í Svíþjóð í jan. 1975. Eftirtaldir piltar voru valdir:

Argrímur Torlacius, Ármann
Björn Magnússon, Ármann
Símon Ólafsson, Ármann
Clarenc Glad, Ármann
Pétur Guðmundsson, Val
Ríkharður Hrafnkelsson, Val
Porvaldur Kröyer, Val
Sigurbergur Bjarnason, ÍR
Erlendur Markússson, ÍR
Jónas Ketilsson, Fram
Óskar Baldvinsson, UBK

Æft var tvisvar í viku auk æfingaleikja. Æfingasókn var um 70% til okt.loka, en 90-95% upp úr því. Brýna nauðsyn hefði borið til að fá a.m.k. 3. æfingatímann í viku, og þarf vandlega að huga að því, að nægir æfingatímar séu fyrir hondi, ef um verkefni fyrir UL er að ræða.

NM unglings í Vesterás, Svíþjóð 2. - 5. jan. 1975.

Fjármögnun ferðarinnar hvíldi að öllu leyti á herðum piltanna. Ferðakostnaður þeirra nam. Kr. 258.500.- og upp í það höfðu þeir safnað með sölu happdrættismiða og auglýsingasöfnun um kr. 196.000.-. Lagt var af stað snemma morguns 2. jan. Urðum við fyrir vorulegum töfum á leiðinni og vorum ekki komnir á áfangastað fyrir en Kl.23.00, eða eftir 18 klst. ferðalag.

Fyrsti leikur okkar var gegn Norðmönnum daginn eftir og töþuðum við stórt 67:97 (31:51) og mátti greinilega merkja ferðabreytu og taugaóstyrk á piltunum, enda var þetta þeirra fyrsti landsleikur að einum þeirra undanskildum. Daginn eftir 4. jan., lékum við two leiki gegn sterkustu þjóðunum, Kl. 9.00 gegn finnlandi og sigruðu Finnar 110:68 (58:35) og Kl. 15.00 gegn Svíþjóð, sem sigraði 128:59 (66:22). Síðasta koppnisdaginn var leikið gegn Dönum, og þar vannst löcrkominn sigur 96:83 (50:42).

Móttökur allar og skypulagning mótsins var frábærlega vel af hendi Svíð loyst og aðbúnaður allur með ágætum. Óhætt er að segja, að frammistaða piltanna hafi verið nokkuð góð að fyrsta leiknum undanskildum. Skortur á leikreynslu háði þeim mjög í leikjunum, en eigi að síður var um greinilegar framfarir að ræða frá leik til leiks. Mjög gott er að fá slika viðmiðun, sem þessi móti eru og ekkert nema leikreynsluleysi kom í veg fyrir 3. sætið á mótinu, sem sannaðist þegar leikið var við Norðmenn í Oslo á heimleiðinni. Þar mættum við sama norska liðinu, sem hafði unnið okkur í 1. leiknum, en sú leikreynsla, sem hafði fengist á mótinu nægði til sannfærandi sigra í tveim leikum, 6. og 7. jan.

Heim var halddið miðvikudaginn 8. jan. og ekki gekk betur að komast heim en út, en sólarhrings töf varð í Glasgow. Ferð þessi var í alla staði vel heppnuð, og voru piltarnir landi sínu til sóma í hvívetna.

Undirbúningur EM unglinga í Grikklandi í júlí 1975.

Um miðjan jan. s.l. voru kallaðir til æfinga 24 piltar, en mánuði síðar var þeim fækkað niður í 15. Endanlegt val fór fram um miðjan apríl og haft var í hyggju að fara með 11 pelta út. Æfings-sókn var góð og efir því sem næst dró endanlegu vali varð hún sífellt betri. Undir lok apríl barst okkur í hendur bréf frá FIBA dags. 23.4.75 varðandi móttætt. Þar komur fram að þátttakendur verða að vera fæddir 1.1.58 eða síðar. Vegna mistaka hafði verið valið lið miðað við 1.1.57 og síðar. Unglinganefnd hélt fund með piltunum þar sem málid var rætt. Þar komu fram tvöir möguleikar, annars vegar að keppa sem gestir á LM í Grikklandi og hins vegar að fara í keppnisferð til Norðurlanda eða Bretlandseyja í haust. Ennfremur voru piltarnir ákveðnir í að æfa áfram með það fyrir augum að taka þátt í EM juniora á Spáni í ágúst 1976. Varðandi Grikklandsferðina vísum við að öðru leyti til skýrslu Boga Þorsteinssonar, sem falið var að kanna málid á þingi FIBA.

Sú yfirlýsta stefna stjórnar KKL, að ungingalandslíð skuli fjármagna keppnisferðir sínar að öllu leyti sjálft, fær ekki staðist. Það verður að líta á landslið og ungingalandslíð meira sem eina heild að því er fjárlunarleiðir varðar, m.ö.o. nýta stærri hóp til fjármögnum skyldra verkefna. Hugmynd unginganefndar er sú, að fjármögnun allra keppnisferða verði undir sama hatti, og séu fleipri en eitt landslið í gangi á samt tíma verði þau látin vinna samhliða að fjárlun.

Kristinn M. Stefánsson,
Gunnar Gunnarsson.

Evrópukeppni í körfuknattleik 1975.

Íslenska körfuknattleikslandsliðið tók þátt í Evrópukeppninni í körfuknattleik, b flokki og var riðillinn sem við lékum í haldinn í borginni Wolfenbüttel í Vestur-Pýskalandi dagana 12.-16. maí. Vegna væntanlegs verkfalls flugfreyja var lagt af stað föstudaginn 9. maí og haldið til Glasgow, þar sem gist var eina nótt og leikmönnum gefin kostur á að versla. Þaðan var haldið daginn eftir gegnum London og Hannover til Wolfenbüttel.

Við komuna til Pýskalands urðum við strax varir við þá miklu gestrisni, sem við áttum eftir að vera aðnjótandi á meðan á dvöl okkar stóð. Meðal annars tók á móti okkur Kristján Ragnarsson, sem starfar hjá borgaryfirvöldum í Wolfenbüttel, sem arkitekt og hafði það eitt sem verkefni að sjá til þess að við nytum dvalarinnar á sem bostan hátt ámeðan dvöl okkar stóð. Kristján á miklar þakkir skildar fyrir framlag sitt til að gera dvöl okkar ógleymanlega.

Öll framkvæmd mótsins einkenndist af frábærum skipulagi og það var engu logið í bréfi sem við fengum þar sem sagt var að allir íbúar borgarinnar væru til reiðu til þess að gera dvöl þátttakenda sem ánægjulegasta. Meðal annars var borgarstjórinn formaður móttökunefndarinnar og tók mjög virkan þátt í framkvæmdum mótsins.

Riðillinn sem við lékum í var vafalaust sá sterkasti í mótinu, sem sést á því, að þau lond sem komust áfram, Gríkkland og Pólland lentu í 1. og 3. sæti í úrslitunum og t.d. sigraði Pólland Svíþjóð með aðeins einu stigi, en Svíar höfnuðu í 4. sæti, eða

næsta sæti á undan okkur. Mótið var mjög erfitt, 5 leikir á jafn mörgum dögum. Fyrirfram gerðum við okkur ljóst að við áttun ekki mikla möguleika til að sigra í leikjum okkar, þar sem í riðli með okkur voru mjög sterkar þjóðir, en þær voru, Grikkland, Pólland, Albania, Svíþjóð, Luxemburg og við, takmarkið var að sigra Luxemburg. Í liði okkar voru margir ungir og lítt reyndir leikmenn og var mjög ánægjulegt að sjá hve liðið tók stórstígum framförum við hverja raun, og í síðasta leiknum gegn Luxemburg sást cinnig að hinar erfiðu æfingar við undirbúninginn og hin frábæra æfingasókn hafði borið tilætlaðan árangur, því allt fram að lokamínútunum hafði leikurinn verið mjög jafn en þá náðum við yfirtökunum og sigruðum örugglega.

Lið okkar vakti mikla athygli fyrir frábæran keppnisanda og samstöðu þeði innan vallar sem utan og skrifuðu þýsku blöðin mikið um það og einnig furðuðu þau sig á því hve ungur þjálfarinn var, sem er Einar Bollason og gátu þess til að það væri vafalaust ástæðan fyrir hinum góða keppnisanda og baráttu sem einkenndi leik liðsins.

Pess má geta að fyrirliðinn Kristinn Jörundsson vakti verðskuldaða athygli í leikjunum fyrir getu sína, og hefur fyrstudcildarliðið í Wolfenbüttel sínt mikinn áhuga á því að fá hann í sínar raðir, en liðið er eitt af þrem sterkustu liðunum í Þýskalandi.

Mót þetta á vafalaust eftir að vera ofarlega í hugum okkar sem þátt tókum í ferðinni og ekki síst vegna hins frábæra skýrings sem einkenndi alla dvöl okkar, og þá stórkostlegu gestrisni sem við urðum aðnjótandi.

Hafi vinir okkar í Wolfenbüttel þökk fyrir.

Kolbeinn Pálsson
fararstjóri.

LOKAORD.

Eins og sjá má af lestri Árskýrslunnar hér að framan, má ljóst vera að starf Körfuknattleiks-sambandsins s.l. starfsár hefur verið mjög umfangsmikið. Allar nefndir sambandsins voru fullskipaðar nema laga- og reikreglnanefnd, og er vonandi að hún starfi einnig af fullum krafti næsta starfsár. Aðrar nefndir skiluðu nær undantekningarlaust mikilli og góðri vinnu, og yfir höfðuð má segja að starfsemin hafi staðið með miklum blóma.

Ávallt má þó finna ýmislegt til að gera athugasemdir við, og veitir slík gagnrýni, sem þá kemur fram, visst aðhald, sem er nauðsynlegt. En gagnrýnin verður að vera byggð á rökum, og borin fram sem slík.

Óvenju margir hafa lagt hönd á plógin s.l. starfsár og reynt að stuðla að uppbryggingu körfuknattleiksins. Hafa margir unnið geysimikið sjálfboðaliðsstarf, starf sem seint verður fullbakkad.

Pví er hinsvegar ekki að leyna, að það sem hefur valdið fráfarandi stjórnarnönnun mestum áhyggjum í starfi er áhugaleysi marga aðildarfélaganna, og nægir að nefna tvö dæmi því til stuðnings.

Landshappdrætti K.K.Í. sem hlýtur að vera einn af máttarstólpum fjárhagsloga fyrir samband eins og okkar, gekk ekki nærrí nógu vel. Mörg félög sem höfðu miða til sölu í marga mánuði höfðu sáralitið gert til að reyna að sclja sína miða þegar að því kom að þau áttu að gera upp við K.K.Í. Að vísu eru lokatölur happdrættisins ekki svo afleitar þegar allt

kemur til alls, en það er einungis því að þakka að nokkrir aðilar hafa staðið sig frábærlega vel við sölu miðanna. Má í því sambandi nefna að eitt félag á höfuðborgarsvæðinu seldi um þriðjung miða, og sýnir það hvað hugt er að gera, of skipulega er unnið að þessum rálum.

Pá má nefna, að þeir fundir sem K.K.Í. hefur haldið þ.e. formannafundur, og fundir dómaranefndar voru svo illa sóttir að furðu hlýtur að sæta. Það er greinilega einhver meinsemð sem herjar á marga forustumenn félaganna, meinsend sem veldur áhugaleysi gagnvart málefnum sambandsins. Fyrir þessa meinsemð þarf að komast, menn þurfa að gera sér grein fyrir því að K.K.Í. er ekki einhver einkastofnun stjórnarmana, heldur heildarsamtök körfuknattleiksmanna í landinu.

En björtu hliðarnar á starfinu eru einnig margar. Pannig er gleðilegt að sjá unglingastarfið sem rekið er viða um landið, og sem framháld af því það skypulag og þá vinnu sem lögð hefur verið í unglingslandslið okkar. Að vísu komu upp hörmuleg mistök í sambandi við unglingslandsliðið, en piltarnir sýndu þá hversu félagslega þroskaðir þeir eru og tóku málínus af sannri karlmannsku. Að komast í landslið í sinni íþrótt er hverjum íþróttamanni hollt takmark og æskilegt, og sama má segja um unglingslandslið.

Að lokum vill stjórn K.K.Í. þakka öllum þeim er tekið hafa þátt í starfsmínni fyrir samstarfið. Margir þeirra hafa unnið geyzilegt starf sem seint verður þakkað í orðum. En enginn hefur séð eftir þeirri vinnu sem hann hefur lagt í starfið, áhuginn

á málezinu ber menn hálfa leið, viðan um að fyrir gott málezni sé unnið hinn helminginn.

Öllum þessum aðilum þakkar stjórnin innilega fyrir gott samstarf, og vonar að það starf sem þeir hafa af hendi leyst eigi aftir að skila miklum og góðum ávöxtum í framtíðinni - körfuknattleiknum í landinu til framgangs.

Stjórnin.

